



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Tjörn

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Frumkvæði, vinátta og gleði.	3-4
Innra mat deildar - Tjörn	5-6
Innra mat deildar - Miðhús	7-8
Innra mat deildar - Lækur	9-10
Innra mat deildar - Melhús	11-12
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	13
Foreldrasamvinna	13
Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
Fylgiskjal 1.....	14-16
Fylgiskjal 2.....	17
Fylgiskjal 3.....	18-20



Leiðarljós leikskólans: Frumkvæði, vinátta og gleði.

Frá Leikskólastjóra.

Veturinn 2018 – 2019 hefur verið einstaklega frjór og skemmtilegur í báðum húsum. Eins og lesa má í hugleiðingum deildarstjóra. Við höldum upp á tíu ára afmæli sameinaðs skóla. Í því ljósi höfum við verið að vinna að heimildarmynd (stuttmynd) um okkar starf. Vonandi náum við að frumsýna myndina haustið 2019. Ætlunin er að fara með myndina í háskólana og menntaskólana til þess að kynna allt það frjóa starf sem fer fram daglega í leikskólum borgarinnar. Mér var boðið að vera gestakennari í einum af menntaskólum landsins síðastliðinn vetur, það var einstaklega gefandi að kenna ungu fólki uppeldisfræði og sérstaklega gaman að fara yfir okkar uppeldistarf og sýn. Ég tel að þessi leið sé góð til þess að kynna leikskólastarfið. Fyrir stuttu fengum við niðurstöður úr foreldrakönnun. Skólinn fékk frábæra útkomu og viljum við þakka foreldrum fyrir góða þátttöku. Við skorudum hátt í flestum þáttum, þó getum við bætt okkur í því að hvetja foreldra til þess að koma með hugmyndir inn í starf skólans. Að þessu sinni var ekki gert ytra mat en sjá niðurstöður úr innra mati hér á næstu síðum.

Hápunkturinn var svo að fá Hvatningarverlaun Skóla og frístundasviðs fyrir framúrskarandi starf. Markmið verkefnisins er að efla verkstæðisvinnu/stöðvavinnu í anda Reggio Emilia og er vinnan leidd af öllu starfsfólki skólans. Tilgangurinn er að auka sjálfstæði barna í listsköpun og hugmyndavinnu. Börnin gerðu t.d. stuttmyndir og skipuðu sér sess sem leikarar og leikstjórar, „avant – garde“ kórhópur myndaðist á tímabili og hugmyndaflæði náði langt út fyrir veggj skólans. Nýjasta viðbótin við Tjarnarleiðina er jóga og núvitund þar sem börnin gera hópsáttmála um siði og venjur í tímunum.

Það eru spennandi tímar framundan hjá skólum borgarinnar – Ný menntastefna hefur litið dagsins ljós. Nefnist hún - Látum draumana rætast.

„ Í upphafi árs 2017 hófst þverfagleg og þverpólitísk vinna við mótnun nýrrar menntastefnu fyrir borgina fram til ársins 2030. Útgangspunktur stefnumótunar var barnið sjálft. Með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, foreldra, starfsfólks skóla- og frístundasviðs, kjörinna fulltrúa, innlendra og erlenda ráðgjafa og almennings. Tilgangur stefnumótunarinnar er að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og skerpa forgangsröðun mikilvægustu umbótaverkefna. Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Meginmarkmið einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn öðlist sterka sjálfmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði“.

Við ætlum að taka fullan þátt í þessu verkefni. Við fengum bæði A og B styrk til þess að vinna að innleiðingu stefnunnar.



A - styrkurinn – Markmið verkefnisins er að efla börn í eigin sjálfstæði og að þau hafi trú á sjálfu sér og eigin getu. Einnig að þau geti tekið ákvarðanir um eigin vellíðan og staðið fyrir sínu. Við teljum að sjálfsefning og félagsfærni fléttist mikið saman og því mikilvægt að leggja áherslu á góða samskiptahæfni. Með því að leggja strax grunn að góðri sjálfsmynd, samskiptahæfni og vellíðan er líklegra að börn nái góðum árangri í leik og námi.

B- styrkur - er samstarfsverkefni með fimm öðrum skólum ásamt RannUng - Verkefnið er skipulagt sem starfendarannsókn og því koma þátttakendur í leikskólunum að gagnaöflun eftir því sem þeir telja gagnlegt fyrir sig. Rannsóknin verður því hluti af lærdómssamfélagi hvers leikskóla og kemur samstarfsskólum að gagni. Meistaránemar taka viðtöl tvisvar á tímabilinu og þeir ásamt kennurum HÍ gera athuganir og skrá það sem fram fer í leikskólunum í tengslum við verkefnið. Upplýsingar úr þessum gögnum verða nýttar inn í ferli verkefnisins í leikskólunum, en jafnframt verður unnið úr gögnunum í rannsóknarskinni. Gögnin verða greind og skrifaðar greinar sem birtast í Netlu eða á öðrum vefmiðlum. Meistaránemar geta valið það sem lokaverkefni í sínu námi að skrifa grein um þetta efni með leiðsagnarkennara og bæta við skýrslu um sína þátttöku í verkefninu. Einnig geta meistaránemar valið að byggja á þessum gögnum og jafnvel bætt við þau og skrifa hefðbundna meistararitgerð. Þátttakendur í leikskólunum koma að úrvinnslu, greiningu gagna og skrifum eftir því sem við á.



Innra mat deildar Tjörn

Á Tjörn hófst haustið á góðum nótum þar sem vel var mannað í allar stöður og stemmning fyrir því í fara inn í skólaárið með góð áform og bjartsýni. Nýr deildarstjóri tók við deildarstjórn eftir að hafa starfað sem slík 10 ár á yngri deild leikskólans. Undirrituð þakkar það stöðugleika í starfsmanna-
hópnum og góðri mönnun að mjög vel hefur gengið að reka deildina í vetur.

Lagt var upp með ákveðnum áherslum strax í haust og þrátt fyrir nýja embættistöku var ákveðið að engar stórvægilegar breytingar fylgdu því (allavega ekki fyrst um sinn). Ytra skipulag deildarinn hélst óbreytt, hópastarf tvisvar í viku, verkstæðisvinna og söngstundir á sínum stað og gönguferðir á miðvikudögum. Læsi var í brennidepli og sérstakri skoðun í vetur og tók m.a. innra mat leikskólans á því að þeim áherslum væri fylgt eftir. Deildarstjóri fór á ráðstefnu um læsi á vegum menntavísindasviðs HÍ í haust og kom þar margt fram sem veitti bæði innblástur og upplýsingu. Samstarf við Myndlistaskólann í Reykjavík setti góðan tón í upphafi vetrar og fór elsti hópur á deildinni einu sinni í viku í sex vikur og sótti námskeið hjá skólanum. Deildarstjórar beggja deilda sóttu einnig námskeið í barnajóga á vegum Little Flower Yoga og fóru öll börnin á deildinni einu sinni í viku í jóгатíma þar sem áhersla var á núvitund, vináttu, sjálfsþekkingu og skemmtilegar líkamsæfingar. Allt í gegn um leik að sjálfssögðu. Deildarfundir voru haldnir mjög reglulega og gott samtal þar í gangi um bæði börnin og líðan þeirra, áherslur okkar í samskiptum og hvert við viljum stefna. Hluti starfshópsins fór m.a. á starfsdegi í heimsókn á leikskólann Rauðhól sem kynti undir hugmyndir okkar að auka flæði í dagsskipulagi. Barnahópurinn í heild virtist vera í góðu jafnvægi, mikil leikgleði og sjálfstæði. Sérkennslumál voru í góðum farvegi, sérkennari í hálfu starfi á deildinni og sérkennslustjóri leikskólans í góðu samstarfi.



Markmið með umbótum Tjörn	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<p>Að hverju er stefnt?</p> <p>Að barnið hafi tækifæri til að þroska eigið frumkvæði í leik og starfi með því að ráða för þegar kemur að því að velja HVAD, HVENÆR, HVAR, og MEÐ HVERJUM.</p>	<p>Hvernig framkvæmu m við það?</p> <p>Þegar barnið mætir eru öll „svæði“ leikskólans opin og kennarar sjá um að hvetjandi leikefni sé til staðar. Hlusta á hugmyndir barnanna.</p>	<p>Hvenær hefst og hvenær lokið?</p> <p>Byrjum í október þegar allir eru „aðlag-aðir“ og eftir að kynning til barnanna hefur átt sér stað. Einu sinni í viku til að byrja með. Endurmat í maí.</p>	<p>Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?</p> <p>Deildarstjóri og allir starfsmenn á deild.</p>	<p>Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum).</p> <p>Stöðugt mat með umræðum á deildarfundum. Nota skráningu og safna gögnum. Viðtöl við börnin og nota þeirra hugmyndir.</p>	<p>Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.</p> <p>Líklega huglægt mat sem byggt er á gögnum skráningar.</p>



Innra mat deildar - Miðhús

Gerðar voru smá breytingar í starfinu með börnunum frá fyrra ári. Valstundir f.h. tvo morgna og hópastarf tvo morgna vikunnar. Valstundir gera það að verkum að börnin hafa áhrif á hvað þau vilja gera á þeim fjórum svæðum sem í boði eru og teljum við starfsfólk að það ýti undir sjálfstæði þeirra. Haldið er utan um skráningu hvers barns og því getum við fylgst með hvar áhugasvið þeirra liggur.

Í hópastarfi eru meiri fyrirfram ákveðin verkefni sem eru fjölbreytt og útfærð eftir aldri barnanna. Frjálsi leikurinn fékk gott vægi í vetur sem við teljum til góðs.

Lögð var áhersla í örvun málþroska og málhjólða og stuðst var við bókina Lubbi finnur málbein. Í þeirri vinnu voru börnin mjög áhugasöm og fljót að tileinka sér lögin og táknið en við munum vinna áfram með Lubba á komandi hausti.

Hefðir og venjur skólans voru á sínum stað sem gera starfið fjölbreytt. Einhverjar mannabreytingar voru á einni starfsmannastöðu en það hafði lítil áhrif í starfinu því kjarninn er þéttur og samanstendur af miklum mannauði og jákvæðni starfsfólks.

Barnafjöldi þetta árið var 17-18 börn á deildinni sem starfsfólk var ánægt með því það hefur áhrif á hljóðvist. Einnig er meira rými fyrir hvert barn.

Hefðum viljað fá ákveðnar óskir framkvæmdar sem lútir að betra aðgengi og ýtir undir sjálfshjálp barnanna eins og lægri vask í fataklefa svo og annað lítið klósett á salerni í Miðhúsi.



Umbótaþættir Miðhús deild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Sjálfsfelling	Að hverju er stefnt? Styrkja Einstaklinga til Sterkari sjálfsmýndar. Starfsfólk verði meðvitað um að nota virka hlustun og að umhverfið sé sjálfsfelandi. Skerpa á sjálfsfellingu í starfi barna og fullorðinna.	Hvernig framkvæmu m við það? Hvetjandi orðaræða. Virk hlustun. Umhverfi sem ýtir undir sjálfsfellingu.	Hvenær hefst og hvenær lokið? Haustið 2019 og lýkur þegar að markmiði okkar er náð.	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? Deildarstjórar og aðrir starfsmenn í Miðhúsi.	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum) Umræður á deildar- fundum. Mynda- upptökur úr daglegu starfi skoðaðar.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Skráningar skoðaðar og umræður. Og með endurmati.



Innra mat deildar Lækur

Veturinn 2018 -2019 á Læk

Um sumarið tók til starfa nýr deildarstjóri á Læk, undirrituð, þó ekki öllu ókunnug enda móðir barns á deildinni. Helsta verkefnið um haustið var að aðlaga ný börn sem gekk eins og í sögu og í septemberlok gátum við hafið hópastarf aðeins á undan áætlun. Ákveðið var að bæta aðeins í læsisþáttinn og tókum við inn nýtt læsiskennsluefni, Lubbi finnur málbein, sem við notuðum í söngstund á hverjum morgni auk sérstakrar Lubbastundar eftir kaffi á miðvikudögum, það verkefni hefur gengið vonum fram. Við Ásta, deildarstjóri á eldri deildinni, fórum í ágúst á krakkajógakennaranámskeið á vegum Little Flower Yoga skólans í New York þar sem okkur langaði að samræma jóga og núvitundaræfingar á milli deildanna. Tveir elstu hóparnir hafa farið í jóga og núvitundartíma í hópastarfi einu sinni í viku, en annars höfum við notast við jógaöndunaræfingar í samverustundum og einnig komið á núvitundaræfingu eftir matmáls- og kaffitíma áður en farið er frá borði, það hefur gengið vel og skapað jákvætt og rólegra andrúmsloft fyrir næstu stund. Við héldum fyrri takti og höfðum seinni samveruna aldurskipta sem kom vel út. Á stofufundum ræddum við um að fylgjast vel með tvítyngdum börnum og fengum málörvunartíma fyrir þau alla mánudaga hjá sérkennslustjóra svo lengi sem þörf var á og tókum svo stöðuna í samtali við foreldra þeirra. Einn liður í hópastarfinu voru vettvangsferðir þriggja elstu hópanna á deildinni, við vorum mjög ötul í þessum ferðum hvort sem það voru strætóferðir um nánasta umhverfið okkar þegar það var brunagaddur úti eða gönguferðir í Hólavallagarð, Hljómskálagarði, Þingholtin, bókasafnið í Grófinni, eða farið í óvissuferð þar sem börnin fengu að leiða okkur kennara um hverfið og segja frá. Í öllum þessum ferðum tókum við myndir bæði af börnunum og stöðunum sem við heimsóttum, eða því sem börnunum fannst merkivert, enda var umhverfislæsi meðal þeirra þátta sem við ræddum um á stofufundum. Við prentuðum út myndir sem við skoðuðum á deildinni og sendum í tölvupósti á foreldra svo hægt væri að ræða bæði heima og í skólanum, stór þáttur í læsi er auðvitað umhverfislæsi sem hljómar vel við Reggio Emilio stefnuna, sem við samsömum okkur með, og þar er auðvitað talað um að umhverfið sé þriðji kennarinn. Á seinni hluta vetrarins skerptum við betur hópaskiptingu barnanna eftir kaffitímamann og nýttum þá báðar hæðir skólans vel og einnig garðinn okkar. Þegar hópastarfi sleppti í maí settum við okkur það markmið að fara alltaf í eina vettvangsferð á miðvikudögum og fóru þá líka yngstu börnin með sem hefur gengið vel framan af. Í hádegissamveru á föstudögum höfum við haft dansgleði og/eða tónlistarkynningu þar sem við tókum einhver lög fyrir og spáum í hvaða hljóðfæri sé verið að spila á. Starfsfólk deildarinnar hefur einnig verið mjög duglegt að nýta hæfileika sína starfi og hafa myndlistartengd verkefni og hugmyndir fengið að blómstra og



fengið sitt pláss á veggjum skólans og hafa foreldrar verið hvattir til að taka þátt í hinum ýmsu verkefnum, þeim og börnunum til ánægju.

Umbótaþættir Lækur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<p>Hvað þarf að bæta?</p> <p>Við viljum efla sjálfstrú/sjálseflingu barnanna.</p>	<p>Að hverju er stefnt?</p> <p>Að börnin viti að hverju þau ganga dagsdaglega og að þau séu örugg og ánægð í umhverfi sínu.</p>	<p>Hvernig framkvæmu m við það?</p> <p>Með því að setja upp litlar leik/starfsstöðvar í byrjun dags svo þau geti valið fyrir hópastarf. Skerpa betur á vali eftir kaffi og jafnvel bæta við verkstæðisvinnudegi í vikuplanið.</p>	<p>Hvenær hefst og hvenær lokið?</p> <p>Í október þegar nýju börnin eru aðlöguð og dagskipulag komið í fastar skorður og fram í maí.</p>	<p>Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?</p> <p>Deildarstjóri og aðrir starfsmenn</p>	<p>Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)</p> <p>Ígrundum á stofufundum hálfsmánaða rlega, lykilstjórnendafundum og á starfsmannafundum. Spyrjum einnig börnin. Rýnum í verkefni barnanna.</p>	<p>Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.</p> <p>Að börnin séu ánægð með verklagið og starfsfólkið haldi rútnunni.</p>



Innra mat Melhús

Aðlögun barna gekk vel í sept, kennarar unnu vel hver með sinn hóp.

Þetta haustið voru 19 börn í Melhúsi en í fyrra voru börnin 23

Á miðvikudögum fóru börnin í tónlist og myndlist (skiptust á eftir aldri)

Fyrsta þriðjudag í mánuði var farið í Landakot að syngja fyrir eldri borgara, mikil gleði þar.

Mikil og góð vinna í Stöðvavinnu og Vali, það eru allir mjög ánægðir.

Börn og kennarar eru glaðir og áhugasamir og vinna vel saman.

Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á verkefni sem unnin eru í skólanum.

Foreldraviðtölin gengu mjög vel, allir foreldrar ánægðir og það endurspeglast í börnunum.



Umbótaþættir Melhús	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Samræma betur matartímann.	Að hverju er stefnt? Að þau skammti sér sjálf á diskinn	Hvernig framkvæmu m við það? Að þau geri sjálf, hverjar eru kringumstæðurnar	Hvenær hefst og hvenær lokið? Byrjum í maí til ágúst	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? Kennarinn. Kennarinn með börnunum.	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum) Safna gögnum	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
						Sjáum hvað setur.



Starfsþróunarsamtöl og fræðsla – Starfsþróunarsamtöl fara ávallt fram í mars/apríl ár hvert. Regluleg námskeið eins og t.d. Skyndihjálpar námskeið sem verður að þessu sinni vorið 2020 - Þeir leikskólakennarar sem eftir eiga að fara á Hljóm námskeið munu fara í vetur og hafa þegar fengið upp í hendur námsefnið. Hópefli námskeið er áætlað næsta haust. Sameiginlegur starfsdagur með þeim skólum sem við fengum B – styrk og Háskólakennurum. Á áætlum er að fara erlendis á ráðstefnu næsta vor. Leikskólastjóri fer til Kanada með skóla og frístundasviði. Deildarstjórar fara á stjórnendanámskeið.

2 **Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva** – Gott samstarf hefur verið við Vesturbæjarskóla – Elstu börnin fara reglulega yfir veturinn í heimsókn og fá innsýn í námið. Kennarar milli skólastiga funda í byrjun árs, einnig í lok skólaárs.

3 **Foreldrasamvinna** – Hefur verið fín í ár – foreldrafélagið hefur haldið vel utan um þær hefðir sem hafa myndast í gegnum árin sjá í námskrá.

Foreldraráð hefur fundar tvisvar sinnum yfir veturinn. sjá fundargerð.

4 **Skipulagsdagar og leikskóladagatal – sjá í viðhengi**

5 Fylgigögn

5.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

5.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

5.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Hulda Ásgeirsdóttir

11. júlí 2019

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?		
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	4-5	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	1	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	ja	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	ja	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	ja	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?		
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	ja	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	ja	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	ja	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	ja	Þjónustumiðstöð – Vesturbær - Mið-Hlíðar
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



Niðurstöður innra mats sérkennslu

Leikskólinn Tjörn/Öldukot/Tjarnarborg/Sérkennslustjóri Júní 2019.

Umbótaþættir 2019 og endurmat síðan 2018

- Viðvera í báðum húsum/ ákveðinn dagur á hvorum stað.
- Fara á námskeið í HLJÓM-2
- Markvissari málörvun með Lubbi finnur málbein
- Gera aðgerðaráætlun fyrir árstíðabundin verkefni sérkennslustjóra.
- Veita meiri stuðning og ráðgjöf til starfsmanna, kynna betur hvaða námsgögn eru til í báðum húsum og hvert hlutverk mitt er.
- Hitta deildarstjóra 2 sinnum á ári til að fara yfir barnahópinn og taka stöðuna.
- Kynna mig á fyrstu foreldrafundum í báðum húsum.

Haldið verður áfram að vinna með þessa þætti þar til að þeir eru orðnir innleiddir og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.

- Hvað varðar viðveru í báðum húsum tókst það að mestu leyti í vetur nema í undantekningartilfellum ef það vantaði starfsfólk. Ég tók málörvunarhópa í báðum húsum og gekk það ágætlega. Þetta hefur verið mun skilvirkari vinna en áður því ég hef getað verið í báðum húsum og kynnst barnahópnum og starfsfólki. Þetta er eitthvað sem við verðum að halda inni svo vinnan verði skilvirk og sívirk.
- Hvað varðar HLJÓM-2 þá er það loksins komið að ég get tekið þetta námskeið sem ég mun klára núna fyrir haustið, og mun ég taka öll 5 ára börnin í skimun næsta haust og aftur eftir áramót þau börn sem þurfa.
- Markviss málörvun við erum byrjuð að vinna með Lubbi finnur málbein í báðum húsum sem er mjög jákvætt og skemmtileg vinna. Fengum smá fyrirlestur um það



hvernig þetta virkar og hvernig væri hægt að vinna með þetta efni og eru allar deildar byrjaðar að vinna með Lubba. Deildarnar eru samt mismunandi á veg komnar með þá vinnu en hópurinn er mjög jákvæður að halda þeirri vinnu áfram enda sjáum við nú þegar framfarir í barnahópnum.

- Hvað varðar að gera aðgerðaráætlun fyrir árstíðabundin verkefni sérkennslustjóra þá er sú vinna ekki búin en er í vinnslu og mun vera það áfram. Þetta er aðallega vinnuplagg fyrir mig sem sérkennslustjóra.
- Ég vil gjarnan geta veitt enn meiri stuðning og ráðgjöf til starfsmanna. Ég er öll að vilja gerð og reyni mitt besta hverju sinni. Þarf að vera enn duglegri að búa til einstaklings-áætlanir og hafa meiri tíma til að kynna þær fyrir starfsfólki. Starfsfólki finnst oft að hlutirnir gangi hægt þegar að verið er að sækja eftir aðstoð fyrir ákveðin börn. Ég hef sent á deildarstjóra upplýsingar um þau námsgögn sem til eru (hef reynt að gera skráningu um hvað er til í báðum húsum), bent starfsfólki á möppuna með faglegum fróðleik/upplýsingum um alls kyns efni er varða börn t.d. jákvæður agi, kvíði og svo frv. En það má alltaf gera betur og það hef ég hugsað mér að gera.
- Þetta með að hitta deildarstjóra 2 sinnum á ári gekk ekki eftir þennan vetur en ég mun reyna aftur næsta vetur að koma því í gang en það er hluti af minni aðgerðaráætlun.
- Ég náði því takmarki núna að kynna mig í báðum húsum á fyrsta foreldrafundi haustsins, hver ég væri hversu mikla % ég væri að vinna sem sérkennslustjóri(40%) og að ég væri hina dagana inni á deild-Miðhús(60%) Og að það mætti alltaf hafa samband við mig ef að fólk hefði einhverjar spurningar/ráðgjöf og svo frv.

Eins og kom fram í umbótaráætlun síðasta árs hafði ég ætlað mér að vera búin að þessu öllu 2020. En sé það nú að til að ná þessum umbótum sem ég vil ná fram þarf ég enn rýmri tíma til að það verði marktækt.

Síðan er spurning hvernig ég get metið að þessi umbótaráætlun hafi skilað árangri hjá mér. Ég hafði nefnt það að ég myndi hugsanlega búa til spurningalista fyrir starfsfólk og jafnvel foreldra til að skoða það og ég er enn á þeirri skoðun að það væri ein leið alla vega, en það gerist ekki strax. Verð að gera raunhæf markmið miðað við vinnuprósentu og tíma.

Þannig að góðir hlutir gerast hægt en ánægjulegt að sjá að sumt er komið af stað og á vonandi eftir að festast í sessi um ókomin ár. Og aðrir þættir eru í áframhaldandi vinnslu og munu vera það þar til að takmarkinu er náð.

Hulda Marinósdóttir

Sérkennslustjóri leikskólanum Tjörn.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Samverustundir – hópvinna – myndrænt dagskipulag -
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Samverustundir – myndrænt efni
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Samverustundir – söngstundir -
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Vikulega fundað um málefni barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Taka tíu



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Sigurður Rúnar Birgisson

Sigursteinn Gunnarsson

Kristján Geir Pétursson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Tjarnar kom saman til fundar miðvikudaginn 28. ágúst sl. og fékk þar m.a. kynningu á starfsskýrslu Tjarnar starfsárið 2019-20, frá Huldu Ásgeirsdóttur leikskólastjóra. Foreldraráð hefur yfirfarið skýrsluna og gerir ekki athugasemdir við efni hennar. Í skýrslunni er farið yfir verkefni liðins árs og þau verkefni sem framundan eru og áherslur í starfseminni kynntar. Skýrslan ber með sér að metnaðarfullt starf virðist unnið innan veggja skólans og í deiglunni eru fjölmörg spennandi verkefni. Foreldraráð lýsir ánægju með mótun nýrrar menntastefnu fyrir Reykjavíkurborg og treystir því að vel takist til með innleiðingu hennar. Foreldraráð leggur áherslu á góða upplýsingagjöf frá skólastjórnendum til foreldra um það sem hæst ber í starfseminni hverju sinni, eins og verið hefur hingað til. Í starfsáætluninni kemur m.a. fram að gott samstarf hafi verið við Vesturbæjarskóla og að elstu börnin fari reglulega í heimsóknir og fái innsýn í starfið og kennarar milli skólastiga fundi í byrjun árs og í lok skólaárs. Í því sambandi leggur foreldraráð áherslu á að gætt sé að því að samræma skóladagatöl milli leikskóla- og grunnskólastigs eins og kostur er, t.d. hvað varðar niðurröðun starfsdaga. Foreldraráð hlakkar til samstarfsins með starfsfólki Tjarnar í vetur.

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
			Verkstæðisvinna		Fullveldisdagurinn		Nýársdagur		Verkalýðsdagurinn	Annar í hvítasunnu	
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
					Starfsdagur		Starfsdagur				
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
							Foreldraviðtöl	Foreldraviðtöl	Foreldraviðtöl		
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
		Stöðvavinna					Foreldraviðtöl				
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S
	Friðdagur verslunarmanna			Foreldrar skreyta skólann			Foreldraviðtöl	Pálmásunnudagur			
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
				Foreldrakaffi	Brettándinn	Dagur leikskólans	Foreldraviðtöl				
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
		Foreldrafundur			Dótadagur					Sjómanna dagurinn	
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
	Dagur læsis	Foreldrafundur	Baráttudagur gegn einelti						Foreldrakaffi		
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
		Foreldrafundur						Skírdagur			
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
		Foreldrafundur				Fjölmenning í feb.		Föstudagurinn langi			
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
		Náttfatadagur		Ferð í Árbæjarsafn með els							
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
				Verkstæðisvinna				Páskadagur			
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
				Jólaball			Foreldrakaffi	Annar í páskum			
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
					Vasaljóadagur	Verkstæðisvinna					
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
			Verkstæðisvinna						Verkstæðisv.		
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
	Dagur íslenskrar náttúru		Dagur íslenskrar tungu								
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
				Verkstæðisvinna			Sóri innritunardagurinn	Verkstæðisv.		Lýðveldisdagurinn	
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
	samráð leikskólastjóra	Verkstæðisvinna	Starfsdagur								
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
										Sumarhátíð.	
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
	Starfsdagur						Verkstæðisvinna		Starfsdagur		
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
						Hattadagur		Barnamenningarhátíð	Uppstigningardagur		
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
			Dótadagur					Barnamenningarhátíð	Starfsdagur		
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
				Þorláksmessa		Konudagur		Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð			
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
				Aðfangadagur jóla	Bóndad. Ömmu og Afa ka	Bolludagur		Barnamenningarhátíð			
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
		Bangsadagur		Jóladagur		Sprengidagur		Barnamenningarhátíð			
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
	Evróski tungumáladagurinn	Fyrsti vetrardagur		Annar í jólum		Öskudagur		Barnamenningarhátíð			
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
	Ruglsokkadagur		Verkstæðisvinna								
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
						Verkstæðisvinna			Útskrift		
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
			Verkstæðisvinna						Sveitaferð?		
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 Þ		31 S		31 F
				Gamlársdagur	Verkstæðisvinna				Hvítasunnudagur		